

Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

5. maí 2021, kl. 20:10

Mættir: Ingibjörg Sigmundsdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Bára Tómasdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir. Fundurinn var í gegnum Teams fjarfundarbúnað.

Fundarefni:

Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum frá Foreldrafélagi Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar vegna tilraunaverkefnis í Heiðarskóla 2020-2021.

Mikil ánægja er með tilraunaverkefnið af hálfu foreldrafélagsins og er stutt við tillögu um áframhaldandi þróun verkefnisins.

Foreldrafélagið vill koma því á framfæri að það sé eftirtektarvert hve fáir foreldrar og starfsfólk svöruðu könnun um verkefnið.

Foreldrafélagið hvetur sveitarfélagið til að skoða möguleikann á aukningu á frístund/klúbbastarfi fyrir miðstig samhliða áframhaldandi tilraunaverkefni.

Óskað var eftir samstarfi foreldrafélags og skóla varðandi skólaslit og er áhugi fyrir því af hálfu foreldrafélagsins. Óskað verður eftir fundi með skólastjórum til að ræða mögulegt fyrirkomulag.

Fundi slitið kl. 21:10.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir